


DV

Menning



Erla B. Axelsdóttir – Blússan eina, pastelmynd, 1985.

# Stólað á stílinn

## Sýning Erlu B. Axelsdóttur að Kjarvalsstöðum

Nú lifur vart sú vika að ekki komi fram áður óþekktur íslenskur listamaður. Þetta er auðvitað gott fyrir listina í landinu en kannski ekki eins gott fyrir listamennina. Og erfitt er það fyrir okkur gagnrýnendur. Nú orðið fáum við sjaldnast ráðrúm til að gaumgæfa listsýningar af þeirri kostgæfni sem flestar þeirra verðskulda heldur verðum að stikla á stóru bæði í skoðun og umfjöllun.

Með þessu áframhaldi er fyrirjáanlegt að svo margar sýningar verði í gangi á einum og sama tíma að íslensk blöð verða að taka upp á því sama og stórbliðin úti í heimi, það er að birta ekki nema nokkrar línur um hverja sýningu nema þá stærstu myndlistarviðburði.

Við skulum vona í lengstu lög að til slíkra neyðarúrræða þurfi ekki að koma, meðal annars vegna þess að hér finnast ekki listatimar til að hlaupa í skarðið fyrir dagblöðin með gaumgæflegri listgagnrýni og

listmiðlun.

Erla B. Axelsdóttir er nýtt nafn fyrir mér fyrir utan nokkur málverk á Reykjavíkursýningunni.

### Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Þau voru gerð af talsverðri íþrótt og skörtnuðu björtum, smekklega samræmdum litum. Viðfangsefnið, tjöld í Laugardal, var ekki alveg venjulegt og bar vott máttulega metnaðarfullu hugarfari.

Að þessu sinni sýnir Erla 52 pastelmyndir í vesturgangi Kjarvalsstaða. Þar kemur fram að hún er jafnvíg á olíulit og pastel og tekst að mestu leyti að viðhalda „flæði“ olíunnar í pastelmyndum sínum.

Myndefnið er áfram fremur þröngt afmarkað, af litlum gróðurreitum í landslaginu eða gríðastöðum á

heiminu, svona ekki ósvipað því sem nokkrir grafíklistamenn sérhæfðu sig í á tímabili.

Þannig dregur Erla til dæmis upp litríkar myndir af skyrtum, axlaböndum og ýmsu öðru sem liggur á glámbekk á flestum heimilum.

Síðan gerir hún myndir af fólki, uppstilltu í nærmynd, einnig að leik og starfi. Listakonan er tæplega í stakk búin að gera sannfærandi andlitsmyndir en tekst oft að fanga hópstemningar eins og þegar hún skissar upp myndir af fólki á ströndinni.

Í heildina séð er sýning Erlu geðþekkur samsetningur en þó er heldur mikill stílaefingabragur á mörgum myndum hennar. Hún mætti gera sér far um að taka viðfangsefni sín fastari tökum. Þannig mundi hún ekki bara opinbera það hún sér, heldur einnig hvað henni finnst um það sem hún sér.

-ai

## DÖMUR OG HERRAR ATH.

Höfum breytt opnunartíma okkar í vetur.

Mánudaga – miðvikudaga frá kl. 9–5  
fimmtudaga frá kl. 9–8  
föstudaga frá kl. 9–7  
laugardaga frá kl. 10–2.

Tím pantanir í síma 21732.



**Hársýn**

REYNIMEL 34  
SÍMI 21732

# TIL SÖLU



Toyota Crown Super saloon árg. '82, ekinn 42.000 km, ljósbrúnn. Verð 595.000,-



Toyota Corolla árg. '77, rauður, fallgegur bíll. Verð 120.000,-



Toyota Coaster árg. '81, 19 manna rúta, ekinn 160.000 km, hvít/blá. Verð 500.000,-



Toyota Corolla árg. '80, ekinn 80.000 km, rauður, fallgegur bíll. Verð 190.000,-



Toyota Tercel 4x4 árg. '86, grænn/tvítítur, ekinn 10.000 km. Verð 540.000,-



Toyota Hi-Ace dísil árg. '82, blár, ekinn 100.000 km. Verð 420.000,-



Toyota Cressida dísil, ekinn 160.000 km, grænn. Verð 460.000,-



Toyota Corolla DX árg. '85, ekinn 26.000 km, rósgrár. Verð 350.000,-



Toyota LandCruiser STW árg. '82, dísil beige, ekinn 67.000 km. Verð 810.000,-



Toyota Corolla líftback árg. '84, ekinn 37.000 km, grár. Verð 370.000,-



Toyota Tercel árg. '83, ekinn 34.000 km, grænn. Verð 295.000,-



Toyota Camry GL árg. '83, ekinn 42.000 km, beige. Verð 420.000,-

BMW 316 árg. '82.  
Honda Prelude árg. '81.  
BMW 518 árg. '81.  
Ford Escort árg. '84.  
Mazda 626 árg. '82.  
Mazda 626 2000 GLX árg. '83.  
Renault sendibíll, árg. '81.  
Toyota Cressida árg. '80.

Volvo 244 GL árg. '79.  
Fiat Uno 45 S, árg. '84.  
Datsun Cherry árg. '83.  
MMC Galant árg. '82.  
Daihatsu Charade árg. '81.  
Toyota Hi-Ace húsbíll, árg. '82.  
Toyota Cressida árg. '81 og '82.

Opið virka daga 9–19. Laugardaga 13–18.

ATH. Höfum ýmsar tegundir bifreiða á söluskrá

GRENSASVEGUR

SKEIFAN

HAFKAUP

MIKLARBAUT

BÍLASALAN

P. SAMUELSSON & CO. HF.  
SKEIFUNNI 15 108 REYKJAVÍK SÍMI (91) 687120

# Þegar íshjartað slær

## Þýskt bókmenntarit helgað íslenskum nútímabókmenntum

Die Horen heitir virt þýskt tímarit um menningarmál sem gefið hefur verið út í Hannover í 31 ár. Útgefendur hafa fyrir síð að taka fyrir bókmenntir ákveðinna landa og gera þeim rækileg skil með því að leggja allt ritið undir þær.

Guðberg Bergsson, Sigurð A. Magnússon, Jón Viðar Jónsson og Helgu

Kress, ljósmyndir og grafíkmyndir eftir íslenska og þýska aðila og svo auðvitað skáldskapur.

Þarna eru ljóð eftir þrjátíu og fimm nútímabókmenntum, frá Snorra Hjartarsyni til Gyrðis Eliassonar, í þýðingu Jóns Laxdal, Peturs Behrens, Wolfs Kuhnelt, Gunther Wigand og Franz Gíslasonar og óbundið mál eftir fjórtán höfundum, frá Indriða G. Þorsteinsyni til Vigdísar Grímsdóttur, þýtt af Jóni Laxdal, Jürgen von Heymann, Ingo Wershofen, Susanne Erika Beug, Gudrun Hanneck-Kloes og Coletta Burling og loks kaflar úr leikritum eftir Guðmund Steinsson, Ólaf Hauk Símonarson, Hrafn Gunnlaugsson og Odd Björnsson.

Tímaritið er alls 224 blaðsíður og fæst meðal annars hjá aðalútgefandanum, Kurt Morawietz, Letterstrasse 9, 3000 Hannover 21, V. Þýskalandi, fyrir tæp 13 þýsk mörk.


-ai

### Tímarit

Aðalsteinn Ingólfsson

Þriðja hefti þessa árs er einmitt helgað íslenskum nútímabókmenntum og hefur ekkert verið til sparað að gera það vel úr garði.

Þeir Franz Gíslason, Sigurður A. Magnússon og Wolfgang Schiffer hafa ritstýrt þessu tölublaði, sem ber heitið „Þegar íshjartað slær“. Í því eru ítarlegar greinar um Ísland og íslenskar bókmenntir eftir Wolfgang Schiffer,



Sigurður A. Magnússon – íslenskur ritstjóri tímaritsins.